

Alþingi
Erindi nr. P 135/2171
komudagur 11.4.2008



2008030063

9140

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2008

/--

Efni: Umsögn um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, 434. mál.

Vísað er til erindis, dags. 14. mars. 2008, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Skipulagsstofnun bendir á að í 27. gr. skipulags- og byggingarlaga kemur fram að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiri háttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Þó þarf ekki að afla framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem háðar eru byggingarleyfi skv. IV. kafla laganna.

Að mati Skipulagsstofnunar verður ekki séð að heræfingar muni hafa óafturkræf áhrif á umhverfið eða breytingu á ásýnd þess, þegar ekki er um breytingu lands með jarðvegi, efnistöku og mannvirkjum háttað, og því ljóst að ekki væri alltaf um framkvæmdarleyfis skyldar framkvæmdir að ræða. Skipulagsstofnun leggur því til að 2. gr. frumvarpsins verði felld út, en 1. gr. hljóði svo:

Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort heræfingar verði samþykktar á viðkomandi stað. Sveitarstjórn getur bundið samþykkt sína skilyrðum svo sem varðandi tímafresti, afmörkun svæðis, upplýsingaskyldu til almennings og hagsmunaaðila á svæðinu, grunnvatnsvernd, æflingatíma og frágangi svæðis.

Ákvæði 27. gr. og IV. kafla laga þessara skulu halda sér að öðru leyti gagnvart þeim framkvæmdum er heræfingum kunna að fylgja.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson